

**Nd.**

**555. Nefndarálit**

um frv. til l. um sameining Blönduóskaupþúns í eitt hreppsfélag.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin verður að fallast á það, að krafan um sameiningu Blönduóskaupþúns sé eðlileg og réttmæt, og vísar um rök fyrir því til greinargerðar frumvarpsins, en nánari grein verður gerð fyrir afstöðu nefndarinnar í framsögu. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM.**

1. Við 2. gr. Aftan við gr. bætist: né heldur rétti ábúandans á Enni til fjöruheitar í landi kaupþúnshlutans.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Blönduóshreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er öðlzt hafa og öðlast kunna framfærslurétt vegna fæðingar eða dvalar í Blönduóskaupþúni norðan Blöndu.
3. Við 4. gr. Fyrri málsg. orðist svo:  
Blönduóshreppur greiðir Engihlíðarhreppi bætur eftir mati fyrir missi tekna úr Blönduóskaupþúni norðan Blöndu.
4. Við 5. gr. Á eftir orðunum „frá 1. jan. næstk. að telja“ komi: og öðlast þeir samtímis kosningarrétt þar í sveitarstjórnarmálum.
5. Í stað „austan Blöndu“ („eða austan árinna“) komi alstaðar í frv.: norðan Blöndu (eða norðan árinna).

Alþingi, 14. nóv. 1935.

Héðinn Valdimarsson,  
form.

Jakob Möller,  
frsm.

Garðar Þorsteinsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.